Svarad 6/4 68

Völlum 18. Febrúar 1868.

Hæstvirti Herra Jón Árnason!

Eg þakka Yður vem best eg get fyrir Yðar góða bréf frá 4. Des. f. á, sem eg fékk á Eyrarbakka, því frá því pósturinn kom og þess vegna til hafði heimsóknin verið að líða sín að því – þér segið þar, að „þér hafið verið svo heimskur," að taka (að taka) að Yður fjárhaldi Einars míns. Eg hefi heyrt frá blautu barnsbeini, að það væri alltaf heimska, að gjöra það, sem gott er, og mig minnir líka, að guð hafi sagt það sjálfur, og hvern er að marka ef ekki hann? En hvað er meira góðverk, en að taka að sér munaðarlausan einhvern, sem er einmana og eigan á að? Eg held: ekkert. Að minnsta kosti sagði presturinn mér það, þegar eg var fermdur; en þá trúði eg öllu, sem hann sagði mér,